

Gos í Eyjafjallajökli - staða 9. maí 2010 kl. 12:00.
Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Sigurlaugu Hjaltadóttur, Birni Oddssyni, Sigrúnu Hreinsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, MODIS og NOAA gervihnattamyndum.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): er að jafnaði 4-5 km skv. veðurratsjá, en fer þó stundum upp í 6 km.

Stefna: Suðaustur (skv gervitunglamyndum NOAA kl. 04:03 og MODIS kl. 04:35). Vindáttir eru þó breytilegri við yfirborð og austlægar.

Litur: Ljós grár.

Gjóskufall: Vestar en áður, var á Skógum í morgun og hófst á Þorvaldseyri um kl 08:00. Er að sögn ábúenda þar að færast vestar. Askan er svört.

Eldingar: Hafa ekki mælst síðsta sólarhringinn.

Drunur: Heyrast í Vatnsdal, A-Húnavatnssýslu í tæplega 200 km fjarlægð. Borgarfirði og í Vestmannaeyjum.

Bræðsluvatn: Dægursveiflur í vatnsmagni og hita. Engir flóðtoppar.

Aðstæður á gosstað: Ekkert var flogið í dag, gosvirkni virðist svipuð og í gær.

Órói: er stöðugur og hefur nú verið svipaður síðustu þrjá sólarhringa, svipaður á öllum tíðniböndum á næstu stöðvum.

Jarðskjálftar: Sjö skjálftar, Ml 1,5-2, hafa verið staðsettir síðasta sólarhringinn.

GPS-aflögun: Láréttar færslur inn að miðju eldfjallsins og hægt sig.

Heildarmat: Ef tekið er mið af síðustu sjö dögum virðist framleiðsla gosefna hafa farið hægt dvínandi. Gosvirknin hefur þó gengið í bylgjum og má búast við áframhaldandi sveiflum í virkni. Ekkert bendir þó til þess að gosinu sé að ljúka.